



AKUREYRARSTOFA



Akureyrarbær

## Viðurkenning Húsverndarsjóðs Akureyrar árið 2021

Markmiðið með viðurkenningu húsverndarsjóðs Akureyrar er m.a. að stuðla að varðveislu þess menningarsögulega arfs sem fólgin er í húsum og mannvirkjum fyrri tíðar.

Húsið sem hlýtur viðurkenningu að þessu sinni hefur hátt varðveislugildi vegna aldurs, sögu, útlits og staðsetningar enda er það friðað samkvæmt Minjalögum. Húsið er af svonefndri dansk-íslenskri gerð yngri, tilgerðarlaust í stíl en er engu að síður góður fulltrúi 19. aldar timburhúsa í Innbænum á Akureyri. Auk þess að hafa hátt varðveislugildi sem einstakt hús er það um leið hluti af mjög mikilvægri húsapyrpingu á horni Aðalstrætis og Lækjargötu sem samanstendur af fimm húsum sem eru byggð á árinum 1840-1894.

Og svo það sé upplýst þá stendur húsið sem hér um ræðir við Lækjargötu 4. Húsin við Aðalstræti 6 og Lækjargötu 2, 2A og 2B ásamt Lækjargötu 4 mynda einmitt þessa einu elstu þyrpingu húsa sem varðveist hefur á Akureyri.

Elsti hluti hússins er líklega að stofni til heyhlaða sem Stefán Thorarensen flutti á lóð vestan við húsið sitt í Aðalstræti 6 árið 1870. Ekki er vitað hvort hlaðan var þá nýbyggð. Þegar Hinrik Schiöth keypti Aðalstræti 6 af Stefáni mun hlaðan hafa fylgt með í kaupunum. Henrik breytti henni í krambúð og vörugeymsluhús. Árið 1920 var húsið hækkað um eina hæð og þá var skrifstofa og vörugeymsla á neðri hæðinni og í risi var vörugeymslupláss. Árið 1923 fékk Carl Schiöth, sonur Hinriks, leyfi til að byggja tvílyftan steinsteypuskúr áfast við vesturhlið hússins og átti það að vera forstofa. Ekki er ólíklegt að forstofubyggingin hafi verið liður í að breyta húsinu í íbúðarhús því árið 1928 eru íbúðir á báðum hæðum og 8 herbergi í risi.

Húsið var upphaflega klætt láréttri timburklæðningu en var seinna klætt bárujárn eins og algengt var. Húsið skemmdist í eldi árið 1936 og var nokkuð endurbætt eftir það. Nú er ein íbúð í húsinu en það er 247,7 ferm. að stærð.

Þegar ráðist er í gagngerar viðgerðir á gömlum húsum er grundvallaratriði að þær séu unnar í samræmi við gerð og aldur hússins. Þetta þýðir þó ekki að alltaf eigi að miða við að endurgera upprunalegt útlit hússins. Seinni tíma viðbætur eða breytingar á húsinu, sem staðist hafa tímans tönn, eru í góðum hlutföllum og hluti af langri þróunarsögu hússins, og geta áunnið sér sess til að litið sé til þeirra við endurgerð hússins.

Lækjargata 4 er mjög gott dæmi um hús sem hefur gengið í gegnum ýmis þróunarskeið frá því að það var byggt fyrir rúmum 150 árum síðan. Allt frá því að vera einfalt útihús á einni hæð, yfir í krambúð með geymslurisi og síðast að íbúðarhúsi á tveimur hæðum með risi og inngönguskúr.

Árið 2011 hófu þáverandi eigendur hússins, Timothy Mark Richardsson og Tómas Þór Árnason, viðamiklar og vandaðar viðgerðir á húsinu og stóðu þær yfir næstu 5-6 árin, fyrst undir stjórn Stefáns Jóhannessonar húsasmíðameistara sem sá um viðgerð á kjallara, undirstöðum og klæðningu en HeiðGuðByggir ehf tóku svo við viðgerðum og luku við frágang utanhúss. Viðgerðirnar voru miklar og kostnaðarsamar og í raun mun umfangsmeiri en eigendur gerðu ráð fyrir í upphafi. Allur frágangur utanhúss hefur miðað við að halda trú við einfaldleika hússins og það útlit sem húsið var komið í um 1925.

Núverandi eigendur hússins eru bræðurnir Hallbjörn og Hjalti Karlssynir og fjölskyldur þeirra.

Eigendur hússins, bæði þáverandi og núverandi, eiga heiður skilinn að hafa staðið vel að verki við viðgerðir og tryggt varðveislu hússins svo að sómi er að. Einstaklingar spila stórt hlutverk í húsverndarmálum. Án áhuga, framsýni og atorku þeirra ásamt drjúgum skammti af þolinmæði og þrautseigju væri Akureyri mun fátækari af gömlum fallegum húsum.

Húsið Lækjargötu 4 og eigendur þess hljóta viðurkenningu Húsverndarsjóðs Akureyrar árið 2021 fyrir umfangsmiklar viðgerðir sem gerðar hafa verið í góðu samræmi við aldur og gerð hússins.

**Faghóp húsverndarsjóðs Akureyrar árið 2021 skipa:**

Pétur Ingi Haraldsson, Árni Ólafsson, Hanna Rósa Sveinsdóttir, Leifur Þorsteinsson